

Nr. 760

28. ágúst 2009

REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 236/2009
um greiðsluþáttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.**

1. gr.

2. mgr. 4. gr. orðast svo:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í lyfjaflokknum C 09 lyf með verkun á renínangíótsín kerfið. Hagkvæmustu pakkningar eru metnar út frá verði á einingu í pakkningu og þær pakkningar B-merktar sem víkja ekki meir en 150% frá ódýrasta einingaverði í óblönduðum lyfjum með einu virku innihaldsefnii, en 10% í blönduðum lyfjum með a.m.k. tveimur virkum innihaldsefnum. Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu annarra lyfja í lyfjaflokki C 09 en er þó heimilt að gefa út lyfjaskírteini, sbr. 2. tölul. 11. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr., og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. október 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lyfjaávísanir á þau lyf sem fá breytta greiðsluþáttöku samkvæmt 1. gr. og gefnar eru út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, halda óbreyttri greiðsluþáttöku til allt að 1. janúar 2010.

Heilbrigðisráðuneytinu, 28. ágúst 2009.

Ögmundur Jónasson.

Berglind Ásgeirs dóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2009